



Jóhanna Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur hugar að flóttamönnum í leiðangri sendi-
fulltrúa Rauða kross Íslands á Miðjarðarhafi
í nóvember 2016. Mynd/Rauði krossinn

Óskráðir innflytjendur í skjóli innan heilbrigðiskerfisins

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Það á ekki að vera hlutverk heilbrigðis-
starfsmanna að tilkynna óskráða innflytj-
endur, segir sérfræðingur í málefnum
þeirra.

Gerðu vinnustaðinn þinn að öruggu
svæði fyrir óskráða innflytjendur, hvatti
Alyna Smith til. Hún er ráðgjafi hjá PIC-
UM sem eru frjáls félagasamtök sem
vinna að því að auka virðingu fyrir mann-
réttindum óskráðra innflytjenda í Evrópu.

Umræða um heilbrigðisþjónustu fyrir
óskráða innflytjendur fór fram í Kaldalóni
undir stjórn Andrésar Magnússonar læk-
nis á öðrum degi ráðstefnunnar og voru
þrjú í pallborði. Auk Alynu, Tomas Linden
frá sænska læknafélaginu og Ulrich Clever
frá því þýska.

Tomas Linden sagði að aldrei ætti að
velja lakari meðferð fyrir þá sem standa
verr í samfélaginu. „Við eigum alltaf
að velja bestu mögulegu lausnina fyrir
einstaklinginn, óháð lagalegri stöðu hans.“

Clever benti á að Jórdanía, Líbanon
og ríki í kringum Venesúela væru í meiri
vandræðum vegna innflytjenda en Þýska-
land eða önnur Evrópuríki. „En Þýskaland
hefur tekið við flestum vegna Sýrlands-
stríðsins.“ Það hafi verið afar krefjandi
að taka á móti einni milljón flóttamanna
á einu bretti árið 2015. Aldrei höfðu fleiri
sótt til landsins, ekki einu sinni vegna
stríðsins í Júgóslavíu. Reglur voru aðlag-

aðar svo flóttamenn sem þurftu heilbrigð-
isþjónustu gætu sótt sér aðstoð.

Alyna greindi frá því hvernig ýmis
evrópsk stjórnvöld hefðu á síðustu árum
reynt að fá heilbrigðisyfirvöld til þess að
tilkynna ef óskráðir innflytjendur nýttu
þjónustuna. Skýrasta dæmið hefði verið í
Bretlandi. Fjölmargir lækningar hefðu mót-
mælt þessu hlutverki.

„Þú hefur rödd og það sem þú gerir
skiptir máli,“ sagði Alyna og benti á að
ekki þyrfti að standa úti á götu til þess að
mótmaela slíku athæfi. Fjöldi leiða væri
innan hvernar heilbrigðisstofnunar til að
berjast gegn slíku hlutverki. Hún gaf heil-
ræði, meðal annars:

- Verndaðu heilbrigðisgeirann fyrir því
að vera handbendi yfirvalda gegn inn-
flytjendum.
- Settu þig í samband við samtök sem
þekkja hvernig komið er í veg fyrir að
óskráðir innflytjendur njóti heilbrigð-
isþjónustu og finndu út úr því hvað þú
getur gert í því.
- Bentu yfirvöldum á skuldbindingar
sínar á sviði mannréttinda og lýðheilsu,
sem og læknisfræðilegrar siðfræði og
samfélagsleg gildi.
- Veittu örugga þjónustu með því
að vernda friðhelgi einkalífsins og
persónuupplýsingar viðkomandi.



Alyna Smith með Tomas Linden frá sænska læknafélaginu á vinstri hönd og Ulrich Clever frá því þýska á hægri.
Mynd/gag